

26. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 14. janúar 2025 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Valgerður Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Vagn Ingólfsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Matthías Páll Gunnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Hlé var gert að mestu á framkvæmdum frá júlí til nóvember s.l. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- b) Framkvæmdum við stækkun og hækkun á Trébyggju við Norðurtanga í Ólafsvík er að mestu lokið. Eftir er að setja upp annan löndunarkrana, stigaljós, 8 stk. fendera og ganga frá búnaði vegna vatnslagna.
- c) Samið var við Flakkarann ehf. vegna dýpkunar við gafl Trébyggju við Norðurtanga í Ólafsvík. Framkvæmdir hófust 06.11. s.l. og var svæðið dýptarmælt 16.12. s.l. Þá kom í ljós að ekki er fullt dýpi á öllu svæðinu og er því gert ráð fyrir verklokum 31.01. n.k. Magn dýpkunarefnis er áætlað 770 m³.
- d) Framkvæmdum við 40.0 m. sjövírn við Keflavíkurgötu á Hellissandi er lokið.
- e) Hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík ásamt fyrirstöðugarði er lokið. Þá er vinnu við botnrannsóknið og öldufarsmælingar lokið og liggja niðurstöður fyrir. Útboð á stálþilsefni verður auglýst í viku 4, 2025.
- f) Unnið var við endurnýjun á pollum á Suðurlipi í Ólafsvík. Búið er að skipta um 4 stk. af 10. Framkvæmdum frestað til næsta sumars.
- g) Búið er að tengja og ganga frá öllum búnaði vegna nýrra vatnslagna á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík. Framkvæmdum lokið.
- h) Unnið var við endurnýjun á öllum ljósastólpum á hólsvæðinu við Rifshöfn. Framkvæmdum lokið.
- i) Búið er að yfirfara allan lausan öryggisbúnað við Ólafsvíkurhöfn og Arnarstapahöfn og mála það sem við á. Framkvæmdum lokið.
- j) Unnið er að smá breytingum á hafnarhúsinu á Arnarstapa, verið er að breyta herbergi í geymslu og verkstæði.
- k) Dýptarmælt var í innsiglingunum og innan hafna í Rifshöfn og Ólafsvíkurhöfn í desember s.l.
- l) Verið er að vinna að því að fá dýpkunarskip til að dýpka innsiglinguna til Rifshafnar.

Björn er formaður stjórnar Jaðars fór yfir framkvæmdir vegna anddyris á Jaðri:

- a) Framkvæmdir við nýtt anddyri halda áfram. Búið er að reisa viðbygginguna og framkvæmdum utanhúss að mestu lokið ásamt steypu á stétt. Verið er að vinna innanhúss við flísalögn á gólfi.

2) Ragnar fór yfir punkta vegna byggingarfulltrúa:

- a) Framkvæmdir við nýtt anddyri við Jaðar gengur vel. Búið er að loka húsinu að mestu að utan verðu. Unnið er að frágangi inni og er flísalögn langt komin. Rennihurðir verða settar upp þegar mestu rykvinnunni er lokið. Gengið verður frá klæðningu á framhlið í framhaldi.

Handwritten signatures and initials:
Vagn, MP, BJA, SF, SK, SL

- b) Stækkun leikskólans í Ólafsvík en langt komin og er verið að leggja lokahönd á frágangi inni. Innréttingar, blöndunartæki og hurðir verða setta upp á næstu dögum. Þegar mesti snjórinn er farinn og frostið farið úr jörðu verður gengið frá lóð í kringum stækkunina.
- c) Byrjað er að undirbúa framkvæmdir sem farið verður í næsta sumar hvort sem er í gatnaframkvæmdum eða viðhaldi fasteigna.
- d) Töluvert hefur verið um stofnun nýrra lóða undanfarna mánuði auk skráningu eignaskiptasamninga. Einnig hafa verið gefin út nokkur byggingarleyfi og gengið frá lokaúttektum frá síðasta fundi.
- e) Skipta þarf um nokkra glugga í Röst og Klifi næsta sumar og verða þeir pantaðir á næstu dögum.
- f) Unnið er að nýrri húsnæðisáætlun fyrir Snæfellsbæ en hlutverk hennar er að draga fram hver staða húsnæðismála er í sveitarfélaginu og greina hvert framboðið og eftirspurnin er á húsnæðismarkaðnum.
- g) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni að þjónusta íbúa Snæfellsbæjar, endurnýjun lóðarleigusamninga, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál og verkefni tengd framkvæmdum bæjarins, svo eitthvað sé nefnt.

3) Matthías fór yfir neðangreinda punkta:

Sundlaug

- a) Skjólþil var sett upp í karlaklefanum
- b) Sundlaugarhúsið var málað að utan eina umferð í október. Þarf að fara aðra umferð í vor.
- c) Innipottur lagaður, skipt um hitastilli og danfossloka
- d) Ryksugu róbót keyptur fyrir sundlaug sem hreinsar alla sundlaugarskelina á næturnar.
- e) Tíðnibreytir bilaði á potti A, viðgerð stendur yfir.
- f) Vatn endurnýjað í potti A
- g) Sett nýtt dæluhjól í hringrásardælu A pott
- h) Skipt um lokumótor í loftræstikerfi fyrir varmaendurvinslu

Íþróttahús

- i) Endurnýjað var allt rafmagn, stjórnþolva og stýringar fyrir Gold loftræstikerfi fyrir íþróttasal
- j) Leki kom á þak íþróttarhúss þar sem niðurfall hrökk í sundur. Var það lagað
- k) Skúringavél löguð

Slökkvilið

- l) Farið var í skólaheimsóknir á Hellisandi og Lýsuhóli með eldvarnarfræðslu.
- m) Bætt var við tveimur reykköfunartækjum ásamt fjarskiptabúnaði
- n) Viðgerð stendur yfir á BMW dælu, en hún var hætt að halda þrýsting.
- o) Farið var í tvær lokaúttektir.
- p) 4 slökkviliðsmenn fóru á verklegt námskeið 1 og 2 inn í Stykkishólmi 8 til 10 nóvember á vegum HMS
- q) Skófatnaður í slökkvigöllum var endurnýjaður
- r) Farið með reykköfunarhylki í skoðun þau þýstiprófuð

Tölvumál

- s) Við Lýsuhólsskóli var farið yfir netkerfi og sett upp Cloud key
- t) Settur upp nýr switc í GSNB Ólafsvík – gamli hafði bilaði eftir rafmagnsleysi
- u) Tvær tölvur lagaðar á leikskóla í Ólafsvík
- v) Sett upp tölvu á bókasafni
- w) Settur upp Cloud key og wifi endursett í GSNB Ólafsvík og Hellisandi
- x) Þrjú kennslusjónvörp sett up og nettengd í GSNB Hellisandi í stofum fyrir 3 til 4 bekk

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "UK", "MPA", "Vagn", and others.

- y) Fartölva á Jaðri sett upp
- z) Netkaplar lagðir í Klif einnig í varmadælu.
- aa) Sett upp webex símakerfi fyrir skólaritara
- bb) Lagfæringar á prentarmálum í GSNB Hellisandi og Ólafsvík

Annað

- cc) Ofnakerfi bilaði í Röstinni og viðgerð stendur yfir.

4) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Skipt um gólfefni á tveimur íbúðum á Jaðri ásamt öðrum smáverkum þar.
- b) Er verið að reyna að vinna í lausu íbúðinni í Vallholti 19. Búið er að rífa út það sem var ónýtt og byrjað að byggja upp.
- c) Verið er að lagfæra bilunina í ofnakerfinu í Röstinni.
- d) Búið er að vera að standsetja skrifstofurýmið og fundarherbergi í Félags- og skólaþjónustunni að Klettsbúð 4. Það sem búið er kemur vel út og hljóðvistin er mun betri.
- e) Komin er ný rúða í íbúð í Engihlíð 22, en sú gamla brotnaði um jólin.
- f) Önnur tilfallandi verkefni í stofnunum og íbúðum Snæfellsbæjar.

5) Vagn fór yfir punkta vegna grunnskólamannvirkja.

- a) Hellissandur: teknar voru niður tússtöflur í þremur kennslustofum og gengið frá veggjum eftir þær, settir voru upp þrír 75 tommu kennsluskjáir í staðin fyrir töflurnar. Vinna við uppsetningu og tengingar settir með aðstoð Matthíasar. Kennslustofurnar voru sparslaðar og almálaðar, sólbekkir sparslaðir og lakkaðir.
- b) Vart hefur orðið við örlitið sig á gólfi í einni kennslustofu (Skólabær), vinklar hafa verið settir á tvo útveggi til að fylgjast með því.
- c) Fylgst hefur verið með vatnsþrýstingi á hitakerfi skólans og bætt á eftir þörfum enda vatnsþrýstingur fallið.
- d) Búið er að tengja öll niðurföll á þakinu á grunnskólahúsnæðinu á Hellisandi.
- e) Brunaæfing var haldin og þá kom í ljós að sírenuvæl heyrðist ekki um alla bygginguna, bót hefur verið gerð á því með fleiri brunaboðum og fleiri handvirkum brunaboðum.
- f) Almenn vinna tengd skólanum og snjómokstur.
- g) Ólafsvík: settar upp kerfisisloftaviftur í tvær stofur til bætingar á loftgæðum.
- h) Anddyri kennara almálað og lýsing bætt. Skrifstofa aðstoðarskólastjóra máluð og hlutir lagaðir.
- i) Sorptunnuskýlum komið fyrir en úrbót þarf að gera varðandi lífrænt sorp þannig að flokkun geti verið góð.
- j) Ástand gólfduks í eldhúsi í Ólafsvík versnar og búið er að vera að bæta hann eins og hægt er.
- k) Búið er að vera í sambandi við dúkara varðandi lagfæringar á bókasafninu og klósettum.
- l) Annað tilfallandi í skólahúsnæðunum.

6) Tæknideildin: Smári og Valgerður fóru yfir neðangreinda punkta:

- a) Nýtt deiliskipulag í landi Axlar, nýtt deiliskipulag fyrir Litlu-Tungu og breytt deiliskipulag fyrir F-4 og F-5 á Arnarstapa hafa öll tekið gildi og verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
- b) Þau skipulagsmál sem eru í gangi núna eru fjögur en aðal- og deiliskipulagsvinna fyrir Dalbrekku í Ólafsvík er í gangi og verða tillögur auglýstar þegar þeirri vinnu er lokið. Í auglýsingu eru lýsingar og matslýsingar vegna tveggja nýrra deiliskipulaga innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs. Annars vegar er um að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Malarrif, Svalpúfu og Vatnshelli og hinsvegar nýtt deiliskipulag fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík. Opið er fyrir athugasemdir til 30. janúar 2025 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.
- c) Undirbúa verkefni 2025
- d) Verkáætlanir og kostnaðar áætlanir nýframkvæmda og viðhaldsáætlana

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "Vagn", "MPG", and others.

- e) Undirbúningur fyrir sumarvinnu og vinnuskóla
- f) Unnið samantekt á stöðu fráveitu í sveitarfélaginu sem fyrsta skref í vinnu við gerð stefnu og aðgerðaráætlun í rekstri fráveitu sveitarfélagsins.
- g) Eftirfylgni með viðbyggingu við leikskólann krílakot.
- h) Eftirfylgni með nýju anddyri á Jaðri.
- i) Viðgerðir á hitaveitulögnum í Röst
- j) Umsókn í Húsfriðunarsjóð vegna Pakkhússins
- k) Eftirfylgni með Úrgangsmálum en nokkuð hefur verið um tafir á tæmingum í kringum hátíðirnar og tekin var ákvörðun um að fjölga losunum á Plasti og pappa.
- l) Tekið hafa gildi nýjar/uppfærðar gjaldskrár sorphirðu, vatnsveitu og fráveitu, og Tæknideildar
- m) Ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs hefur tekið gildi og er aðgengileg á heimasíðu.

7) Kristinn fór yfir ýmis verkefni:

- a) Tímabilið hefur farið í jólaskreytingar, fyrst að setja upp og svo núna í janúar að taka þær niður.
- b) Vegna veðurs hefur mikill tími farið í söltun og í desember var farið með um 50 tonn af salti.
- c) Unnið var við hurðarnar sem fara eiga í leikskólabygginguna.
- d) Klæðningar voru málaðar fyrir anddyrið á Jaðri og leikskólabygginguna.
- e) Annað sem fellur til í kringum jóla- og snjómokstursösina, en snjómokstur hefur verið mikill í desember.

8) Næsti fundur verður þriðjudaginn 4. febrúar kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:21

Kristinn Gunnarsson

Björn Arnaldsson

Matthías Páll Gunnarsson

Baldurinn Þorvaldsson

Valgerður Kristmannsdóttir

Arnar Þorvaldsson

Smári J. Lúðviksson

Mjón Magnúsdóttir

Vagn Ingólfsson